

Mál nr. 353/2022

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila: V

Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.

Skráningarnúmer ökutækja: A og B

### Sakarskipting. Stefnumerki.

Gögn.

1. Málskot móttakið 21. október 2022, ásamt fylgiskjölum.
2. Tölvupóstur V, dags. 10. nóvember 2022.
3. Tjónstilkynning frá Aðstoð&Öryggi dags. 4. október 2022 ásamt afriti af bréfi dags. 18. október 2022 með afstöðu Tjónanefndar vátryggingarfélaganna í máli 399/22.

Málsatvik.

Í málgögnum liggur fyrir tjónstilkynning um árekstur bifreiðarinnar A við flutningabifreiðina B hinn 4. október 2022 á gatnamótum Faxafens og Skeifunnar. Þar kemur fram að bifreið A hafi verið ekið eftir Faxafeni þegar bifreið B hafi verið ekið úr Skeifunni í hægri beygju inn á Faxafen og þá hafi árekstur orðið með bifreiðunum. Biðskylda er af Skeifunni inn á Faxafen. Haft er eftir ökumanni bifreiðar A í skýrslunni að hann hafi ekið um Faxafen og ætlað að beygja til hægri inn í Skeifuna, en hætt við og ekið áfram Faxafen þegar bifreið B hafi verið ekið af stað og í hlið bifreiðar A. Ökumaður bifreiðar B segist hafa ekið Skeifuna og beygt til hægri inn á Faxafen þegar hann sá að bifreið A var með stefnumerki til hægri til að aka inn í Skeifuna.

M telur að alla sök eigi að leggja á bifreið B þar sem sú bifreið hafi verið staðsett of langt til vinstri þannig að bifreið A hafi ekki getað ekið til hægri inn Skeifuna. Einnig bendir M á staðsetningu bifreiðar A við áreksturinn og að sú bifreið hafi verið kyrrstæð þegar árekstur varð. Einnig segir M að ökumaður bifreiðar B hafi vitað að bifreið A kæmist ekki framhjá og að hann hafi viðurkennt sök á vettvangi.

V gerir engar athugasemdir við málskotið.

Álit.

Gögn málsins lýsa aðdraganda áreksturs ágætlega. Ökumanni bifreiðar B bar að veita umferð um Faxafen forgang áður en hann ók af stað í hægri beygju gegn biðskyldu úr Skeifunni skv. fyrirmælum 2. mgr. 26. gr. umferðarlaga nr. 77/2019. Þessa gætti ökumaður B ekki nægilega vel og ber því megin sök á árekstrinum. Í framburði ökumanns bifreiðar A kemur hins vegar skýrt fram að hann hugðist beygja af Faxafeni inn í Skeifu og framburði ökumanns bifreiðar B kemur fram að hann hafi séð stefnumerki á bifreið A til hægri. Í 6. mgr 33. gr. umferðarlaga kemur fram að stefnumerki skuli gefa í tæka tíð en jafnframt að merkjagjöf skuli hætt þegar hún á ekki lengur við. Leggja verður til grundvallar að ökumaður bifreiðar A hafi með merkjagjöf gefið til kynna að hann hygðist aka til hægri og sú merkjagjöf hafi gefið ökumanni bifreiðar B til kynna að honum væri óhætt að aka áfram. Ber ökumaður bifreiðar A því hluta sakar vegna árekstursins, eða þriðjung.

Niðurstaða.

Sök skiptist þannig að ökumaður bifreiðar B ber tvo þriðju (2/3) hluta sakar en ökumaður bifreiðar A ber einn þriðja (1/3) hluta sakar.

Reykjavík, 29. nóvember 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Anna Dögg Hermannsdóttir